

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda í prófkjörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Má ætla að nefnd forsætisráðherra um lagalega umgjörð stjórnmalaflokka skili niðurstöðu fljóttlega, þannig að hægt sé að lögfesta fyrir lok vorþings frumvarp um fjárreiður stjórnmalaflokka, en í skýrslu forsætisráðherra um málið frá 131. löggjafarþingi var lagt til að nefndin skilaði tillögum sínum fyrir lok árs 2005?
2. Telur ráðherra að setja eigi í lög reglur sem skylda frambjóðendur í prófkjörum til að birta reikninga sína opinberlega, svo og framlög frá styrktaraðilum þegar um er að ræða stærri framlög?
3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að skattyfirvöld geti gefið upp hve háar fjárhæðir lögaðilar hafa dregið frá skatti vegna framlaga til stjórnmalaflokka?